

Bráðabirgðalög

um

friðun rjúpna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vor dóms- og kirkjumálaráðherra hefir þegnlega tjáð Oss, að rjúpur hafi fallið síðastliðinn vetur sakir áfreða, og að þær sju nú svo fáar að varla komi fyrir að rjúpa sjáist. Telur ráðherrann því nauðsynlegt, þar sem aðalveiðitíminn fer í hönd, nú þegar að ákveða sjerstaka friðun rjúpunnar, og verðum Vjer því að telja brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaganna 19. júní 1915, um friðun rjúpna.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

1. gr.

Rjúpur, er samkvæmt hinum almennu friðunarlögum nr. 59 frá 1913 verða alfriðaðar árið 1922, skulu einnig vera alfriðaðar til 1. janúar 1922.

2. gr.

Fyrir hverja rjúpu skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10 króna sekt, er tvöfaldast við itrekun brotsins. Með mál, er rísa útaf brotum gegn lögum þessum, skal farið sem með almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 26. nóvember 1920.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.